

677

Góður engill Guðs oss leiðir



C G C G/B Am Am/C G/D D7 G

1. Góð - ur eng - ill Guðs_ oss leið - ir gegn - um jarð - neskt böll og stríð,
 2. Mitt á hryggð - ar dimm - um deg - i dýrð - legt oss hún kveik - ir ljós,
 3. Þó að lok - ist aum - um aft - ur all - ar dyr á jörð - u þrátt,
 4. Þá er hjart - a - benj - ar blæð - a, bregst hver jarð - nesk stoð og hlíf,

C F G Csus4 C Am Dm C/G G7 C

létt - ir byrð - ar, ang - ist eyð - ir, eng - ill sá er von - in blíð.
 mitt í neyð á vor - um veg - i vax - a læt - ur gleð - i - rós.
 helgr - ar von - ar him - in - kraft - ur hjálp - ar - laus - um eyk - ur mátt.
 megn - ar soll - in sár_ að græð - a sign - uð von um ei - líft líf.

5. Þá er jarðnesk bresta böndin
 blítt við hjörtu sorgum þjáð
 vonin segir: Heilög höndin
 hnýtir aftur slitinn þráð.

6. Blessuð von, í brjósti mínu
 bú þú meðan hér ég dvel,
 lát mig sjá í ljósi þínu
 ljómann dýrðar bak við hel.